LÁNAMÁL RÍKISINS
Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: http://www.lanamal.is

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
Reykjavík, 7. apríl 2017

ÚTBOÐ RÍKISVÍXLA
RIKV 17 1016

Þriðjudaginn **11. apríl kl. 11:00** fer fram útboð hjá Lánamálum ríkisins á ríkisvíxlum í flokknum RIKV 17 1016 sem er með gjalddaga 16. október 2017.

Lánamál ríkisins áskilja sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast, að hluta eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í útboðinu, en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Útboðinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkta verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu. Að öðru leyti er vísað í útboðsskilmála sem fylgja þessari frétt.

Greiðslu- og uppgjörsdagur er þriðjudagurinn 18. apríl 2017.

Sótt verður um að RIKV 17 1016 verði tekinn til viðskipta í NASDAQ á Íslandi þriðjudaginn 18. apríl 2017.

Nánari upplýsingar veitir Oddgeir Gunnarsson, Lánamálum ríkisins, í síma 569 9635.